

Björgunarsveitamaður gamallar tónlistar í útrymingarhættu

Bandaríski tónlistarmaðurinn Derek Piotr hefur ferðast um heimaland sitt að taka upp gömul þjóðlög úr munnlegri hefð. Hann hyggst halda áfram með það verkefni á Íslandi.

Vefritstjórn

3. janúar 2023 kl. 05:00



Derek biður hlustendur Rásar 1 að hafa samband við sig því hann vill leggja sitt af mörkum til að varðveita íslenskar rímur og söngva.

Aðsend

Þórður Ingi Jónsson skrifar:

Derek Piotr er bandarískur tilraunatónlistarmaður sem hefur varið seinustu árum í að ferðast um heimaland sitt til að taka upp gömul þjóðlög úr munnlegri hefð. Nú er hann að skipuleggja vinnuferð til Íslands og biður hlustendur Rásar 1 að hafa samband við sig því hann vill leggja sitt af mörkum til að varðveita íslenskar rímur og söngva.

Við ræðum við Derek um hvernig þetta ævintýri hófst og heyrum nokkrar vel valdar upptökur úr upptökusafni hans, sem er aðgengilegt á netinu, og úr landsbókasafni Bandaríkjanna.

Gömul þjóðlög og gamlar vísur týna tölunni og gleymast um leið og þeir sem kunna þau og syngja, geispa golunni. Allt í heiminum hverfult er eins og sagt er.

Sem betur fer eru þó alltaf til áhugamenn, safnarar, tónlistarmenn, nördar og einlægir aðdáendur slíkrar tónlistar sem safna gömlum þjóðlögum, vísum já og upptökum sem annars færu forgörðum og enduðu í glatkistunni.

Einn þessara björgunarsveitanna á gamla tónlist í útrýmingarhættu er Bandaríkjamaðurinn Derek Piotr. Hann hefur ferðast vítt og breitt á síðustu árum til að leita uppi fólk sem syngur gömul þjóðlög með hljóðnemann og upptökutækið eitt að vopni. Og Derek safnar ekki bara gamalli tónlist sem hætta er á að tynist að eilífu heldur vinnur hann einnig með slíka tónlist sjálfur og blæs þannig í hana lífi á nýjan leik.

Derek segist vera í kappi við tímann og dauðann.

Gamlar íslenskar rímur og kvæði eru á óskalistanum hjá okkar manni og hann vill leggja sitt af mörkum til að sá arfur glattist ekki. Þannig að ef hlustendur Rásar eitt kunna að kveða rímur eða lög eða eiga ættingja eða vini sem það gera og eru tilbúnir til að deila slíkum gersemum þá vill hann endilega komast í samband. Hann auglýsir hreint og beint eftir góðum stemmum eða fornur rímnalögum og ekki nóg með það; hann er að skipuleggja vinnuferð til Íslands. Hann langar til að læra að kveða og kynna sér íslenskan rímnarf og hljóðrita allt sem hann kemst yfir. Segist tilbúinn að taka upp allt nema kók og kartöflur.

Derek hefur í mörg ár sungið og samið eigin tónlist en seinustu þrjú ár hefur hann aðallega einbeitt sér að tónlist eftir aðra og þá helst úr munnlegri hefð eins og fyrr segir.

Ævintýrið hófst þegar hann var að hlusta á safnplötur sem Smithsonian-safnið í Washington hefur gefið út með upptökum af þjóðlögum frá Suðurríkjum Bandaríkjanna. Þar var ein sem stóð upp úr, upptaka með lítt þekktri söngkonu, Lenu Turbyfill.

Lagið sem Derek heyrði var ballaðan Gamla konan og djöfullinn en Derek heillaðist sérstaklega af því hvernig óhugnanlegt innihald textans stangaðist á við fegurð söngsins. Hann komst fljótt að því að til væru fjölmargar upptökur með Lenu í hirslum Landsbókasafnsins en heimsfaraldurinn kom í veg fyrir að hann gæti farið sjálfur og fært upptökurnar á stafrænt form.

Það var enn dulúð í kringum þessa söngkonu og það dró ekki úr áhuga okkar manns.

Eftir nokkra rannsókn komst Derek í símasamband við afkomendur Lenu í Norður-Karólínu en ættingjar hennar voru komnir af léttasta skeiði og er þá vægt til orða tekið. Lena átti eina eftirlifandi en háaldraða dóttur sem söng fyrir hann mörg þessara gömlu laga. Hún lést aðeins nokkrum mánuðum eftir fund þeirra.

En þar með var tónninn sleginn, tónn sem markaði upphaf þessarar vegferðar sem nú liggur væntanlega norður á bóginn, alla leið til Íslands ef allt gengur upp hjá Derek Piotr.

[Hér má finna upptökur Dereks á þjóðlögum á vefsíðu verkefnisins.](#)

Fjallað var um Derek Piotr í Lestinni á Rás 1. [Hlýða má á þáttinn í heild sinni hér í spilara RÚV.](#)

Derek Piotr is an American experimental musician who has spent the last few years traveling around his homeland to record old folk songs from the oral tradition. Now he is planning a work trip to Iceland and asks the listeners of Rás 1 to contact him because he wants to contribute to preserving Icelandic rhymes and songs.

We talk to Derek about how this adventure began and hear some well-chosen recordings from his record collection, which is available online, and from the National Library of America.

Old folk songs and old verses lose count and are forgotten as soon as those who know and sing them, yawn at the breeze. Everything in the world is fleeting as they say.

Fortunately, there are always enthusiasts, collectors, musicians, geeks and sincere fans of this kind of music who collect old folk songs, verses and recordings that would otherwise end up in the trash.

One of these rescuers of endangered old music is the American Derek Piotr. He has traveled far and wide in recent years to seek out people who sing old folk songs with only a microphone and a tape recorder. And Derek not only collects old music that is in danger of being lost forever, but he also works with such music himself and thus breathes new life into it.

Derek says he is in a race against time and death.

Old Icelandic rhymes and poems are on our man's wish list and he wants to do his part to ensure that this heritage is not lost. So, if the listeners of Rásar eitt know how to recite rhymes or songs or have relatives or friends who do and are willing to share such treasures, he definitely wants to get in touch. He simply advertises for good tunes or old rhyming songs and that's not enough; he is planning a work trip to Iceland. He wants to learn to recite and study the Icelandic rhyming heritage and record everything he comes across. Says he's ready to take anything but coke and potatoes.

Derek has been singing and composing his own music for many years, but for the last three years he has mainly focused on music by others, preferably from the oral tradition as mentioned earlier.

The adventure began when he was listening to compilation albums published by the Smithsonian Museum in Washington with recordings of folk songs from the American South. There was one that stood out, a recording with a little-known singer, Lena Turbyfill.

The song Derek heard was the ballad The Old Woman and the Devil, but Derek was particularly fascinated by how the eerie content of the lyrics contrasted with the beauty of the song. He quickly found out that there were numerous recordings with Lena in the archives of the National Library, but the pandemic prevented him from being able to go and digitize the recordings himself.

There was still a mystery surrounding this singer and that did not dampen our interest.

After some research, Derek got in touch with Lena's descendants in North Carolina by phone, but her relatives were from the humblest era, to put it mildly. Lena had one surviving but elderly daughter who sang many of these old songs to him. She died just a few months after their meeting.

But with that, the tone was set, a tone that marked the beginning of this road trip which now presumably leads north, all the way to Iceland if all goes well for Derek Piotr.

Here you can find Derek's recordings of folk songs on the project's website.

Derek Piotr was discussed in the Train on Channel 1. You can listen to the episode in its entirety here in the RÚV player.